

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2020

Efni: Umsögn UNICEF vegna þingsályktunar um undirritun og fullgildingu þriðju valfrjálsu bókunar við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Óskað var eftir umsögn UNICEF á Íslandi varðandi fullgildingu Íslands á þriðju valfrjálsu bókun við Barnasáttmálann. UNICEF styður heilshugar að bókunin verði fullgild og telur að hún geti orðið réttarbót fyrir íslensk börn og stuðningur við starfsemi stjórnvalda, sér í lagi Umboðsmann barna.

Þriðju valfrjálsu bókuninni við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er ætlað að tryggja að aðildarríki Barnasáttmálans virði þau réttindi sem kveðið er á um í sáttmálanum. Í bókuninni felst samskipta- og kæruleið svo börn geti leitað til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna telji þau að stjórnvöld hafi brotið á rétti þeirra sem verndaður er í Barnasáttmálanum. Hægt er að leggja fram mál beint til nefndarinnar til umsagnar eða óska eftir aðstoð við að finna bráðabirgðalausnir eða vinsamlega málamiðlun. Þá geta ríki jafnframt beint kvörtunum til nefndarinnar vegna brota annars ríkis.

Barnaréttarnefndin kannar eða rannsakar ásakanir vegna alvarlegra kerfisbundinna brota á réttindum barna og styrkir bókunin þannig eftirlitshlutverk Barnaréttarnefndinnar, og þar af leiðandi jafnframt alþjóðlega vernd á réttindum barna. Bókunin styrkir einnig starf sjálfstæðra mannréttindastofnana sem starfa fyrir börn innan hvers lands, s.s. umboðsmenn barna.

Í bókuninni felst þannig nýtt lagalegt úrræði þegar innlend réttarúrræði hafa verið tæmd. Þá túlka umsagnir Barnaréttarnefndarinnar með ítarlegri hætti einstaka greinar Barnasáttmálans og veita ríkjum leiðbeiningar um hvernig megi betur vernda réttindi barna. Jafnframt veitir bókunin möguleika á að ávarpa aðkallandi aðstæður innan aðildarríkja utan reglubundinnar fyrirtöku. Öllum grundvallar mannréttindasamningum fylgir sambærileg samskipta- og kæruleið og er Ísland nú þegar aðili að nokkrum slíkum og því eðlilegt að veita börnum sama rétt.

UNICEF leggur áherslu á að við fullgildingu þriðju valfrjálsu bókunarinnar verði börn upplýst með markvissum hætti um inntak og áhrif bókunarinnar, og að stuðningur við börn sem vilji leita með mál sín til Barnaréttarnefndarinnar verði tryggður, t.d. með aðkomu embættis Umboðsmanns barna, og að viðkomandi aðila verði tryggt fjármagn til að sinna þeirri aðstoð.

Virðingarfyllt,



Bergsteinn Jónsson
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi